

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 284/2024

2025/EES/25/33

frá 6. desember 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir
og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1696 frá 19. júní 2024 um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu asíbensólar-S-metýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/389 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1718 frá 19. júní 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2020/617 og (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu metalxýli-M ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1892 frá 10. júlí 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin amísúlbróm, S-absísínsýru, þienkarbasón og valífenalat ⁽³⁾.
- 4) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1696 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/389 ⁽⁴⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 5) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011) er breytt sem hér segir:
 - i) Texti 175. undirliðar (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/389) fellur brott.
 - ii) Eftirfarandi undirliðum er bætt við í lið 13a:

„— **32024 R 1696:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1696 frá 19. júní 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1696, 20.6.2024),

— **32024 R 1718:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1718 frá 19. júní 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1718, 20.6.2024),

— **32024 R 1892:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1892 frá 10. júlí 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1892, 11.7.2024).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1696, 20.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1696/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1718, 20.6.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1718/oj

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1892, 11.7.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1892/oj

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 73, 18.3.2016, bls. 77.

2. Eftirfarandi er bætt við lið 13zzzzzzzzzzr (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/617):

„, breytt með:

- **32024 R 1718:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1718 frá 19. júní 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1718, 20.6.2024).“

3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzzl (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/836):

„13zzzzzzzzzzzzm. **32024 R 1696:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1696 frá 19. júní 2024 um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu asíbensólar-S-metýli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 og niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/389 (Stjtið. ESB L, 2024/1696, 20.6.2024).“

4. Texti liðar 13zzzzzzb (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/389) fellur brott.

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/1696, (ESB) 2024/1718 og (ESB) 2024/1892, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

forseti

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.